



## 25. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Miðvikudaginn 2. maí 2007, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Urðun og gámastöðvar.
  - a. Vilhelm Harðarson mætir til viðræðna um staðsetningu gámastöðvar.
  - b. Úttekt Línuhönnunar um stöðu í urðunarmálum Norðurár bs.
2. Sumarlokun leikskóla. Leikskólastjóri og fulltrúi foreldrafélagsins mæta á fundinn.
  - a. Erindi Sigurðar Jóhannessonar.
  - b. Erindi HSB.
  - c. Erindi Sýslumannsembættisins á Blönduósi.
3. Sala íbúða.
4. Drög að vinnureglum um úthlutun byggingarlóða.
5. Kostnaðaráætlanir:
  - a. Gatnagerð í Brautarhvammi.
  - b. Sláttur á grænum svæðum.
  - c. Laun Vinnuskóla 2007.
  - d. Sundlaug - verðskrá eldri borgara og öryrkja, sbr. liður 3 fundargerðar bæjarráðs frá 7. mars sl.
6. Erindi frá Impru.
7. SSNV:
  - a. Fundargerðir frá 19. febrúar, 5. mars og 29. mars sl.
  - b. Greinargerð jff vegna framtíðarskipanar SSNV.
8. Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
9. Erindi frá Grunnskólanum á Blönduósi vegna Húnavöku 2007.
10. Erindi frá Jónasi Skaftasyni.
11. Frá Húsafriðunarnefnd ríkisins.
12. Erindi frá Siglingastofnun.
13. Erindi frá Samkórnum Björk.
14. Erindi frá Skipulagsstofnun
15. Málþing um byggðapróun á NV.
16. Kjörskrá vegna alþingiskosninga 2007.
17. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Urðun og gámastöðvar.
  - a. Vilhelm Harðarson mætir til viðræðna um staðsetningu gámastöðvar.  
*Þessum lið frestað til næsta fundar.*
  - b. Úttekt Línuhönnunar um stöðu í urðunarmálum Norðurár bs.  
*Umræður urðu um skýrslu Línuhönnunar en þar kemur m.a. fram sá möguleiki að núverandi urðunarstaður Blönduóssbæjar við Draugagil gæti hentað sem urðunarstaður fyrir NV.*  
  
*Miklar umræður urðu meðal fundarmanna um urðunarmál og þá kosti sem í stöðunni eru.*
2. Sumarlokun leikskóla. Leikskólastjóri og fulltrúi foreldrafélagsins mæta á fundinn.
  - a. Erindi Sigurðar Jóhannessonar.
  - b. Erindi HSB.
  - c. Erindi Sýslumannsembættisins á Blönduósi.

*Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson var fjarverandi undir þessum lið vegna skyldleika við málaflokkinn. Jóna Fanney Friðriksdóttir tók sæti Jóns Aðalsteins undir þessum lið.*



Í ofangreindum erindum er þess farið á leit við bæjaryfirvöld að kannað verði með að veita þjónustu fyrir leikskólabörn þær 2 vikur af 6 sem fyrirhugað er að leikskólinn loki vegna framkvæmda við viðbyggingu.

Leikskólastjóri, Jóhanna G. Jónasdóttir óskaði eftir að fá að leggja fram eftirfarandi vegna ákvörðunar um sumarlokun:

"Á fjórum foreldrafundum sem haldnir voru í nóvember 2006 var foreldrum tilkynnt um sex vikna lokun sumarið 2007 vegna endurbóta á húsnæði leikskólans.

Í desember 2006 voru foreldrar upplýstir um að leikskólinn í samstarfi við stjórn foreldrafélagsins myndi kanna á nýju ári hve margir foreldrar þyrftu gæslu fyrir börnin sín tvær síðustu vikurnar af sumarlokuninni

Í mars 2007 funduðu leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri með stjórn foreldrafélagsins um málið. Á þeim fundi var ákveðið að gera ekki könnun um þörf fyrir gæslu þar sem fáar raddir hefðu heyrst um þörf fyrir slíkt. Í framhaldi var sú ákvörðun tekin að bjóða ekki upp á gæslu á vegum leikskólans eða foreldrafélagsins þessar tvær aukavikur.

Í apríl síðastliðnum voru þessar upplýsingar sendar heim ásamt eftirfarandi:

- Eftir lokun þann 2. júlí er gert ráð fyrir tveimur vinnudögum starfsfólks til að ganga frá húsinu fyrir framkvæmdir og einum starfsdegi.
- Fyrir opnun þann 13. ágúst er gert ráð fyrir þremur vinnudögum starfsfólks til að koma skólanum í starfshæft ástand og einum starfsdegi.
- Starfsdagarnir eru teknir meðan á sumarlokun stendur til að koma á móts við foreldra vegna lengri lokunar en venjulega. Annars eru starfs dagar yfirleitt teknir að vori og hausti.
- Foreldrar barna sem eru að fara í grunnskólann er velkomið að koma með börnin sín í leikskólann eftir sumarlokun fram að grunnskóla en það er ein vika.

Vegna þeirra erinda sem hér liggja frammi vil ég koma eftirfarandi á framfæri:

- Leikskóli er ekki rekinn nema í húsnæði sem til skólahalds er ætlað.
- Ég hef fullan skilning á erfiðleikum foreldra vegna óvenju langrar sumarlokunar.
- Ef bæjaryfirvöld ákveða að koma til móts við foreldra meðan á lokun stendur og bjóða upp á gæslu er undirrituð tilbúin að koma að þeirri undirbúningsvinnu en er ekki tilbúin að bera ábyrgð á þeirri starfsemi". Jóhanna G. Jónasdóttir.

Umræður urðu um málið.

Bæjarráð felur bæjarstjóra, leikskólastjóra og formanni foreldrafélagsins að undirbúa könnun þar sem þörfin verði metin á gæslu barnanna í 2 vikur frá 30. júlí til og með 10. ágúst nk.

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson mætti á fundinn að loknum þessum lið.

### 3. Sala íbúða.

Bæjarstjóri kynnti tilboð sem borist hafa frá leigjendum í íbúðir. Öll tilboðin sem borist hafa eru undir verðmati og er þeim því hafnað. Bæjarráð samþykkir að leitað verði tilboða í fasteignina að Skúlabraut 27. Bæjarstjóra falið að taka saman greinargerð um þróun leigu- og sölu á íbúðamarkaði í sveitarfélaginu.

### 4. Drög að vinnureglum um úthlutun byggingarlóða.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi drög og vísar þeim til nánari umfjöllunar í bæjarstjórn.



5. **Kostnaðaráætlanir:**
  - a. **Gatnagerð í Brautarhvammi.**  
*Kostnaðaráætlun lögð fram til kynningar.*
  - b. **Sláttur á grænum svæðum.**  
*Samþykkt að ganga til samninga við Júlíus Líndal, sbr. fyrirbyggjandi gögn og umræður.*
  - c. **Laun Vinnuskóla 2007.**  
*Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi launatöflu.*
  - d. **Sundlaug - verðskrá eldri borgara og öryrkja, sbr. liður 3 fundargerðar bæjarráðs frá 7. mars.**  
*Samþykkt að eldri borgarar sem hafa lögheimili á Blönduósi fái frían aðgang að sundlauginni. Hið sama gildi um öryrkja með 50% örorku eða meira. Bæjarráð samþykkir einnig breytingar á opnunartíma sundlaugar, sbr. fyrirbyggjandi tillögur frá umsjónarmanni skólamannvirkja.*
6. **Erindi frá Impru.**  
*Impra sækir um styrk vegna námskeiðisins Sóknarbraut sem haldið var í mars sl. Bæjarráð lýsir ánægju með vel heppnað námskeið en bent er á að bæjarráð hefur þegar samþykkt að styrkja hvern einstakling úr sveitarfélaginu sem sótti námskeiðið um kr. 10.000,- sbr. fundargerð frá 7. febrúar sl.*
7. **SSNV:**
  - a. **Fundargerðir frá 19. febrúar, 5. mars og 29. mars sl.**  
*Fundargerðirnar eru lagðar fram til kynningar. Bæjarráð vil bjóða nýjan framkvæmdastjóra velkominn til starfa og vonast eftir góðu samstarfi við hann.*
  - b. **Greinargerð jff vegna framtíðarskipanar SSNV.**  
*Bæjarráð óskar eftir fundi með formanni og framkvæmdastjóra SSNV.*
8. **Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.**  
*Lagt fram til kynningar yfirlit yfir áætluð framlög Jöfnunarsjóðs vegna ársins 2007 ásamt endanlegu yfirliti 2006 til viðmiðunar.*
9. **Erindi frá Grunnskólanum á Blönduósi vegna Húnavöku 2007.**  
*Sótt er um 300 þús. kr. styrk til að setja upp sýningu í "gamla" skóla á Húnavöku í sumar. Bæjarráð fagnar þessum áformum en telur að kostnaður vegna sýningarinnar eigi að rúmast innan fjárhagsramma sem ætlaður er í Húnavöku 2007.*
10. **Erindi frá Jónasi Skaftasyni.**  
*Bæjarráð ítrekar að búið sé að svara erindi Jónasar Skaftasonar, sbr. greinargerð bæjarstjóra til félagsmálaráðuneytisins, dags. 17. des. 2006.*
11. **Frá Húsafríðunarnefnd ríkisins.**  
*Blönduósbær sótti um styrk til fjárlaganefndar Alþingis vegna umbóta á Kvennaskólanum á Blönduósi og í erindi Húsafríðunarnefndar kemur fram að veittur hefur verið styrkur að upphæð 7 mkr. Bæjarráð þakkar styrkinn og samþykkir að hann falli til Héraðsnefndar sem fer með umsýslu hússins, f.h. sveitarfélaga í A-Hún.*
12. **Erindi frá Siglingastofnun.**  
*Sbr. samgönguáætlun 2007 eru veittar 13,1 mkr í sjóvarmir við Blönduós. Framkvæmdum við sjóvarnir 2007 lauk nýverið og er hlutur Blönduóssbæjar 1,9 mkr.*
13. **Erindi frá Samkórnum Björk.**  
*Sótt er áframhaldandi styrk til kórastarfsins. Bæjarráð samþykkir að veita kórnum 100 þús. kr. styrk.*



**14. Erindi frá Skipulagsstofnun.**

Lagt fram til kynningar afrit af erindi Skipulagsstofnunar, dags. 10. apríl sl. til Náttúrustofu Vestfjarða vegna draga að tillögu að matsáætlun vegna vegar við Svínavatn.

**15. Málþing um byggðapróun á NV.**

Þingið verður haldið nk. laugardag 5. maí í Félagsheimilinu á Blönduósi.

**16. Kjörskrá vegna alþingiskosninga 2007.**

Bæjarstjóra falið að undirrita kjörkrána.

**17. Önnur mál.**

a. Embætti byggingarfulltrúa. Brýnt er að ráða í starfið.

Ágúst Þór Bragason óskar eftir því að bókað sé að mikilvægt sé að fyrir liggji heildarsýn og kostnaður við breytingar á starfsmannahaldi sveitarfélagsins.

**Fundargerð upplesin og samþykkt.**

Héðinn Sigurðsson (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

**Fundi slitið kl. 19:20.**

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:

Valdimar Guðmannsson (sign.)